

FUNDARGERÐ

Hópur:	Starfsmatsnefnd
Efni:	<i>100. fundur starfsmatsnefndar</i>
Viðstaddir:	Árni R. Stefánsson; Ingi Geir Hreinsson; Steinvör Laufey Jónsdóttir; Halldór Gunnarsson; Ragnar Ólason; Halla Þorvaldsdóttir
Fundardagur:	15/11/2011
Tími:	09:00 - 11:00
Fundarstaður:	Bárubúð, Ráðhúsi Reykjavíkur

100. fundur starfsmatsnefndar haldin í Tjarnarbúð, Ráðhúsi Reykjavíkur
Þriðjudaginn 15.11.2011 og hófst hann kl. 9.00.

Mætt af hálfu stéttarfélaganna: Ragnar Ólason (Eflingu), Halldór Gunnarsson (StRv) Halla Þorvaldsdóttir (SÍ).

Mætt af hálfu Rvk: Árni Ragnar Stefánsson,
Starfsmenn Starfsmats: Ingi Geir Hreinsson og Laufey Jónsdóttir.

Fundargerð samþykkt og fyrir tekið:

I. Áður framlagðar tillögur á endurmati starfa.

Mál nr: 2011-52 VEL8570sálfræðingur 1. Fyrri mat staðfest 613 stig. **Afgreiðsla samþykkt.**
Mál nr: 2011-50 VEL8570sálfræðingur 2. Fyrri mat staðfest 626 stig. **Afgreiðsla samþykkt.**

II. Áður framlög tillaga að mati á nýju starfi.

Mál nr: 2011-54 VEL1112deildarstjóri búsetukjarna. **Afgreiðslu frestað.**
Mál nr: 2011-60 UTM6500hugbúnaðarsérfræðingur. **Afgreiðslu frestað.**
Mál nr: 2011-62 UTM6500kerfisstjóri. **Afgreiðslu frestað.**
Mál nr: 2011-63 UTM6100kerfisfræðingur. **Afgreiðslu frestað.**

III. Önnur mál.

1.) Halla Þorvaldsdóttir fulltrúi sálfræðinga í nefndinni lagði fram bókun sem er svo hljóðandi.

Bókun fulltrúa Sálfræðingafélags Íslands.

Umsóknir um endurmat á störfum sálfræðings 1 og 2 voru sendar í mars og apríl sl., áður en gengið var til viðræðna um nýjan kjarasamning Sálfræðingafélags Íslands og Reykjavíkurborgar. Starfsmatsnefnd tók umsóknina ekki til umfjöllunar fyrr en í ágúst, sem er mjög miður þar sem verulegar líkur eru á a sú niðurstaða seem hér liggur fyrir hefði haft afgerandi áhrif í kjarasamningsviðræðunum.

Mikil vinna var lögð í vinnslu endurmatsumsóknna vegna starfa sálfræðings 1 og 2 til að tryggja að umsóknirnar byggðust á réttum forsendum. Í þeirri vinnu var fyrst og fremst byggt á kveri um þátta og þrepaskilgreiningar, þar sem fram koma þær upplýsingar sem starfsmenn borgarinnar hafa aðgang að. Á fundum starfsmatsnefndarinnar, þar sem endurmatsumsóknir sálfræðinga hafa

verið til umræðu frá því í ágúst hefur ítrekað komið fram að upplýsingar þær sem koma fram í kverinu segja einungis hálfu sögu þar sem starfsmatsnefndin vinnur út frá mun ítarlegri upplýsingum. Það er óásættanlegt að starfsmenn hafi ekki aðgang að fullnægjandi upplýsingum um forsendur mats á hverju þrepi þáttanna og hefur reynst afar villandi.

Störf sálfræðinga 1 og 2 hafa breyst verulega á þeim árum sem liðin eru frá því þegar störfin voru metin upphaflega í Starfsmatskerfi borgarinnar. Þá breytingu hafa ýmsir aðilar staðfest. Sú niðurstaða sem hér liggur fyrir bendir til þess að mælikvarðar kerfisins nái ekki utan um breytingar af því tagi sem hér um ræðir. Slíkt er óviðunandi og hlýtur að kalla á endurskoðun.

2.) Ragnar Ólason og Halldór Gunnarsson komu með óskir um breytingar á nýjum drögum sem Kristín Þóra lagði fram á síðasta fundi nefndar um vinnureglur vegna reglubundinna yfirferðar starfa sem hafa mat eldra en 5 ára og verða þær teknar til skoðunar á milli funda.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundi slitið kl.11.00

Næsti fundur verður þriðjudaginn 22. nóvember 2011. kl. 09.00 í Bárubúð/Ráðhúsi Reykjavíkur.

Ath: Niðurstöður Starfsmatsnefndar á mati starfa eru sendar til launadeildar og starfsmannastjóra viðkomandi sviða og birtar á heimasíðu Reykjavíkurborgar við fyrsta tækifæri.